

Reykhólahreppur  
Maríutröð 5a  
380 Reykhólahreppur

Reykjavík 10. febrúar 2020  
UST202001-318/B.S.  
10.05.03

**Efni: Drög að framkvæmdaleyfi - Vestfjarðavegur milli Bjarkarlundar og Skálaness. Umsögn**

Vísað er til bréfs Reykhólahrepps dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi milli Bjarkarlundar og Skálaness, svokallaðri leið P-H en í henni felst m.a. þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar ásamt veglagningu um Teigsskóglum. Umhverfisstofnun gaf umsögn um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps í bréfi dags. 30. júlí 2019, en breytingartillöggunni fylgir mjög ítarleg greinargerð sem umrædd drög að framkvæmdaleyfi byggja á.

Í drögnum er gerð grein fyrir því að leið P-H hafi mun meiri neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en t.d. leið D og leið R, en sveitarstjórn átti frumkvæði að athugun þeirrar leiðar. Færð eru rök fyrir því að brýnir hagsmunir liggi til grundvallar ákvörðun um að raska svæði nr. 303 á náttúruminjaskrá og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar.

Umhverfisstofnun lagði í fyrrnefndri umsögn áherslu á að fyrst farið verði með veg um Teigsskóglum verði valin leið sem liggi á jafnsléttu landi og forðist hlíðar og fjörur til að unnt verði að leggja lægri veg með minni skeringum og fyllingum. Jafnframt ætti að leggja mikla áherslu á að hanna skeringar og námur með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi, auðveldi uppgræðslu og endurheimt gróðurs og dragi úr sjónrænum áhrifum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerði kröfu um að byggðar yrðu tvær brýr á Djúpafirði til að tryggja full vatnsskipti, minnka straumhraða og draga þannig úr botnrofi og áhrifum á lífríki innan þverunarnar. Vegagerðin hefur kynnt áætlunar um að eystri brúin í Djúpafirði verði metnaðarfyllra mannvirki en almennt tíðkast og mun sú brú án efa setja mikinn svip á umhverfið.

Umhverfisstofnun telur að breytingar sem gerðar hafa verið á framkvæmdinni að kröfu sveitarstjórnar og landeigenda hafi verið til bóta.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
Teymisstjóri